

*Verkefnastjórn stjórnvalda  
um heimsmarkmið SP,*

*Reykjavík 8. maí 2019*

## **Efni: Umsögn LUF um landsrýniskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum.**

Landssamband ungmennafélaga (LUF) varar stjórnvöld við hvers konar tókenisma eða sýndarsamráði/aðgerðum og notkun á ungu fólki í pólitískum tilgangi. Einkum að stjórnvöld ákveði án samráðs við ungt fólk að velja í ungmennaráð sem falið er áheyrn í verkefnastjórn heimsmarkmiðanna og ætlað er að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna. Með þessu er algjör skortur á lýðræðislegu umboði ungs fólks og þar með lögmætu samráði á þeirra forsendum.

LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (e. European Youth Forum - YFJ) og kemur þar fram fyrir hönd íslenskra ungmenna sem „National Youth Council of Iceland - NYC“. Þar með er LUF eina félagið sem uppfyllir strangar kröfur YFJ m.a. um að ungt fólk gegni forystu (e. youth-led) og fer með alla ákvarðanatöku. YFJ heldur undirbúningsfund í Brussel án endurgjalds fyrir aðildarfélög sín sem kynna landsrýni á pólitískum umræðuvettvangi SP um markmiðin (e. UN High-level Political Forum on Sustainable Development - HLPF). Undirbúningsfundurinn er til samráðs á milli ungmenna Evrópuríkjanna sem munu sækja HLPF sem ungmennafulltrúar sinna landa (e. UN Youth Delegates) eða fyrir fulltrúa NYC sem hafa aðkomu að landsrýni sinna landa.

LUF sá sig því miður ekki fært um að taka þátt á undirbúningsfundi YFJ í byrjun mars síðastliðinn, þar sem LUF hefur ekki áheyrn í verkefnastjórninni og hefur þá hvorki aðgengi að landsrýni Íslands né Ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum - en sú beiðni LUF ásamt Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi liggur enn hjá utanríkisráðuneytinu. Hér er vakin athygli á því að Ísland er eitt fárra ríkja sem eiga ekki slíkan fulltrúa.

LUF hefur því miður ekki tók á að veita innihaldi skýrslunnar um innleiðinguna efnislega umsögn á svo stuttum tíma þar sem hún er löng og viðamikil. LUF gagnrýnir stjórnvöld fyrir skort á samráði og vonast til þess að lýðræðislega kjörnir fulltrúar LUF hafi áheyrn í framtíðinni eða ungmennafulltrúa, svo íslensk ungmenni fái tækifæri til að kafa ofan í skýrsluna og tekið þátt í upplýstri umræðu á bæði undirbúningsfundi í Brussel og á HLPF. Þá er þess vinsamlega farið á leit við verkefnastjórnina að ráðfæra sig við LUF um fyrirkomulagið áður en stjórnvöld velja sér nýtt ungmennaráð til þess að tryggja samræmi á milli landa í framkvæmdinni.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LUF,  
*Tinna Isebarn*  
Framkvæmdastjóri LUF  
*tinna.isebarn@youth.is*